

Borgarfjarðarhreppur  
Hreppsstofa  
720 Borgarfjörður (eystri)

Reykjavík, 16. desember 2019  
UST201904-164/F.T.  
08.14.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 20. september sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika sem skráð voru í eftirliti dags. 30. september 2019 á urðunarstað Borgarfjarðarhrepps að Brandsbölum. Þann 3. desember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### **Frávikin eru eftirfarandi:**

1. 20. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Gera skal viðeigandi ráðstafanir, með tilliti til einkenna urðunarstaðarins og veðurfræðilegra skilyrða, sbr. I. viðauka, í því skyni að hafa stjórn á úrkomuvatni sem berst í urðaða úrganginn. Regnvatn stóð í urðunarrein fyrir seyr. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila verða gerðar ráðstafanir til að leiða regnvatn burt af svæðinu. Rekstraraðili bendir auk þess á að nýlega hafi dælubíll losað í seyrugryfju og ekki að fullu sigið úr henni.**
2. 1. mgr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki skráður hjá Umhverfisstofnun. Gildistími starfsleyfi urðunarstaðarins var til 1. febrúar 2017 og undanþága frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu gildi 1. maí 2019. Urðunarstaðurinn er í rekstri og því rekinn án starfsleyfis. **Stofnunin vinnur nú að nýju starfsleyfi fyrir rekstraraðila og er sú vinna á lokametrunum. Nýtt starfsleyfi verður því bráðlega gefið út. Umhverfisstofnun tekur þó fram að þar til að nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út, er um opið frávik að ræða.**
3. 7. lið I. viðauka við reglugerð um urðun úrgangs. Urðunarstaðurinn skal varinn þannig að ekki sé frjálst aðgangur að honum. Tvær kindur voru innan girðingar sem bendir til þess að viðhaldi á girðingum sé ábótavant. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila verður gert við girðinguna.**
4. 2. lið í III. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Eftirfarandi veðurfræðilegra gagna skal afla við vöktun á urðunarstaðnum eða frá næstu veðurathugunarstöð á rekstartíma; daglegt magn úrkomu, daglegt hitastig (hámark, lágmark, hádegi), dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar, dagleg uppgufun, daglegur loftraki. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn skráningum er varða ofangreind atriði. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila var viðeigandi veðurfræðilegra gagna aflað hjá Veðurstofu Íslands þegar óskað var eftir þeim vegna starfsleyfisumsóknarinnar. Í svari Veðurstofu hafi komið fram**


að ekki séu til öll þau gögn sem Umhverfisstofnun óskar eftir, t.d. sé vindátt ekki mæld á staðnum. Það sé hins vegar gert á stöð Vegagerðarinnar á Vatnsskarði og Veðurstofunnar á Dalatanga og í Bjarnarey. Veðurstöð Veðurstofu Íslands Bakkagerði er 700 metra frá urðunarstaðnum og mælir hita og úrkomu allt árið. Stofnunin bendir á að þessum upplýsingum skal skilað í ársyfirliti samhliða öðrum skráningum og óskar þess að rekstraraðili hafi veðurfarsupplýsingar fyrir urðunarstaðinn í næstu ársskýrslu.


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila og veitir frest til 1. ágúst til úrbóta. Úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

  
Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands